



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2005


Málefni: Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002, með síðari breytingum. 47. mál.

Vísað er til bréfs félagsmálanefndar Alþingis, dags. 14. f. m., þar sem beðið er um umsögn vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um atvinnuréttindi útlendinga nr. 97/2002.

Frumvarpinu er ætlað að bæta réttarstöðu útlendinga er búa og starfa hérlendis m.a. með því að tryggja áframhaldandi atvinnuleyfi þeirra hér í tilvikum, sem geta leitt til missis tímabundins atvinnuleyfis samkvæmt gildandi lögum.

Verði frumvarpið samþykkt sem lög frá Alþingi, má ætla að staða þeirra einstaklinga sem málið varðar batni. Þau sjónarmið sem frumvarpið byggir á njóta stuðnings kirkjunnar almennt. Aðrir hagsmunir og fleiri sjónarmið kunna þó að vera til staðar, sem líta þarf til og meta í þessu sambandi.

Virðingarfyllst f.h. Kirkjuráðs


Guðmundur Þór Guðmundsson, lögfr.
Framkvæmdastjóri Kirkjuráðs